

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Hagsmunasamtök  
Heimilanna



23. nóvember 2020

**Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 273. mál á 151. löggjafarþingi**

*Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað og aukatekjur ríkissjóðs (gjaldfrjáls rafræn útgáfa)*

Með frumvarpi því sem hér um ræðir er lagt til að aðgengi að rafrænni útgáfu Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs verði gjaldfrjálst. Hagsmunasamtök heimilanna vilja af þessu tilefni benda á að ekki er tekið gjald fyrir aðgang að rafrænni útgáfu Stjórnartíðinda í núverandi mynd. Aftur á móti er tekið 3.000 kr. gjald fyrir ársáskrift að rafrænni útgáfu Lögbirtingablaðs, samkvæmt heimild í 14. gr. b laga um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991.

Aðgangur að Lögbirtingablaði er mikilvægur þáttur réttarríkisins því þar eru birtar ýmsar tilkynningar sem geta haft margvísleg réttaráhrif fyrir þá sem þær beinast að. Í tengslum við þau málefnasvið sem Hagsmunasamtök heimilanna láta sig varða hefur þetta sérstaklega þýðingu varðandi stefnubirtingar, en í vissum tilvikum er birting stefnu í Lögbirtingablaði talin fullnægjandi, svo sem ef lögheimili eða aðsetur er óþekkt. Það sama á við í svokölluðum ógildingarmálum en samtökunum er kunnugt um fjölda tilvika þar sem fjallað hefur verið um stórfellda hagsmuni einstaklinga í slíkum málum án þess að þeim hafi verið gert kunnugt um málshöfðun nema með auglýsingu í Lögbirtingablaði. Það ágæta rit lesa fæstir almennir borgarar reglulega og eru því raunveruleg dæmi um að einstaklingar hafi orðið fyrir réttarspjöllum vegna útivistar í slíkum málum. Samtökin leggja því til að í rafrænu umhverfi verði notendum gert kleift að setja vöktun á tiltekna leitarstrengi t.d. kennitölu sína eða fasteign og fengið senda tilkynningu ef auglýsing birtist sem inniheldur þann streng. Þannig gætu einstaklingar tryggt að þeir fari ekki á mis við slíkar birtingar sem varða hagsmuni þeirra.

Að framangreindum athugasemdum virtum eru Hagsmunasamtök heimilanna almennt fylgjandi þeim tillögum sem koma fram í hinu umrædda frumvarpi.

- o -

Virðingarfyllst,  
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is



## Sýslumannafélag Íslands

Hafnarstræti 1 - 400 Ísafjörður ● Kt. 541207-1550

Sími 458 2400 ● Netfang [syslumannafelagid@syslumenn.is](mailto:syslumannafelagid@syslumenn.is) ● Vefur [www.syslumenn.is](http://www.syslumenn.is)

Ísafirði, 18. mars 2021.

Nefndasvið Alþingis  
netfang: [nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)

Efni: Umsögn um þingmál nr. 273 á 151. löggjafarþingi 2020-2021. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað og lögum um aukatekjur ríkissjóðs (gjaldfrjáls rafræn útgáfa).

Það er mat stjórnar Sýslumannafélags Íslands að sú gjaldtaka sem nú er mælt fyrir um í ofangreindum lögum til að nálgast megi efni Lögbirtingablaðsins, sem birt er rafrænt, feli í sér talsverða hindrun fyrir þá sem koma þurfa auglýsingum eða tilkynningum á framfæri, að ná til hlutaðeigandi. Sama á við um þá sem þurfa eða vilja nálgast efni í blaðinu. Ber að nefna að sýslumönnum ber að birta þar fjölmargar auglýsingar sem þýðingu geta haft, sbr. 2. gr. laga nr. 15/2005 um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað.

Mælt er fyrir um gjaldtöku í lokamálslið 2. mgr. 7. gr. tilvitnaðra laga, þar sem segir: „Fyrir rafrænan aðgang að Lögbirtingablaði skal greiða gjald samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs.“ Þótt fjárhæð gjaldsins geti vart talist há, sbr. 14. gr. b lið laga nr. 88/1991 um aukatekjur ríkissjóð, sem hljóðar svo: „Greiða skal 3.000 kr. fyrir ársáskrift að rafrænni útgáfu Lögbirtingablaðs.“ er hætt við að umstang við að kaupa sérstaka áskrift sem kallar á notkun á sérstöku notandanafni og lykilorði þegar skoða á blaðið, hafi þau áhrif að efni blaðsins á rafrænu formi nái ekki til margra þeirra sem því er ætlað og hagsmuni hefðu af að geta nálgast það.

Þegar þessir hagsmunir eru vegnir á móti hagsmunum ríkisins af að fá þær tekjur sem af gjaldinu hlýst, sem eftir því sem næst verður komist eru á bilinu tvær til þrjár m.kr. á ári, þykir mega lýsa yfir stuðningi við að lokamálsliður 2. mgr. 7. gr. laga nr. 15/2005, sbr. 14. gr. b laga um aukatekjur ríkissjóðs, verði felldur brott og áskilnaði um greiðslu verði þar með hætt. Til að bæta ríkissjóði hugsanlegt tekjutap sýnist mega hækka verð fyrir auglýsingar í blaðinu sem þessu nemur, sbr. gjaldskrá fyrir Lögbirtingablað nr. 1300/2017.

Ekki er tekin afstaða til annarra atriða frumvarpsins á þessum vettvangi.

Jónas Guðmundsson  
formaður stjórnar Sýslumannafélags Íslands